

17 eða atvinnufrelsi, eða brjóta í bág við almennar grundvallarreglur laga, og
1. febr. synjar það þá samþykkt staðfestingar, en tilkynna skal það bæjarstjórn eða hreppsnefnd ástæður fyrir synjun sinni. Að öðrum kosti staðfestir stjórnarráðið samþykktina og ákveður, hvenær hún skuli koma til framkvæmdar.

Samþykkt heldur gildi sínu 10 ár í senn, nema breytt sé eða afnumin áður en endurnýja má hana, á sama hátt og hún var sett, jafnlangan tíma.

Samþykktir samkvæmt lögum þessum skal birta í B-deild Stjórnartíðindanna.

Í samþykktum þeim, sem settar verða samkvæmt lögum þessum, má ákveða sektir, 20—500 krónur, fyrir brot. Sektir allar renna í hlutaðeigandi bæjarsjóð.

Með mál út af brotum þessum skal farið sem almenn lögglumál.

Með lögum þessum eru úr gildi numin lög nr. 79 14. nóv. 1917, um samþykktir um lokunartíma sölubúða í kaupstöðum, viðaukar við þau lög, nr. 9 frá 1918 og nr. 60 frá 1933, og lög nr. 94 frá 1935, svo og öll önnur ákvæði, sem kunna að brjóta í bág við lög þessi.

Eftir þessu eiga allir hlutaðeigendur sér að hegða.

Gjört á Amaliuborg, 1. febrúar 1936

Undir Vor konunglega hönd og innsigli.

Christian R.

(L. S.)

Haraldur Guðmundsson.

18

1. febr.

L Ö G

um fávitahæli.

Vér Christian hinn Tíundi, af guðs náð konungur Íslands og Danmerkur, Vinda og Gauta, hertogi í Slésvík, Holtsetalandi, Stórmæri, Déttmerski, Láenborg og Aldinborg,

Gjörum kunnugt: Alþingi hefir fallizt á lög þessi og Vér staðfest þau með samþykki Voru:

1. gr.

Ríkisstjórnin sér um, jafnóðum og fé er veitt til þess í fjárlögum, að stofnuð séu:

- a. Skólaheimili, eitt eða fleiri, fyrir unga vanvita og hálfvita eða börn og unglinga, sem kenna má ofurlítið til munns eða handa.

- b. Hjúkrunarhæli fyrir örviða eða þá fávíta, unga og gamla, sem ekkert geta lært og ekkert unnið til gagns. 18
- c. Vinnuhæli, eitt eða fleiri, fyrir fullorðna fávíta, sem vinnufærir eru að einhverju leyti, en verða þó að teljast ófærir til að vinna alveg fyrir sér eða stunda vinnu á almennum heimilum. 1. febr.

2. gr.

Semja má um námsvist, eða hjúkrunar- og vinnuvist, fyrir fávíta í stofnunum bæjar- eða einkafélaga, ef eftirlitsnefnd fávítahæla og landlæknir samþykkir, enda hafi stofnanir þessar þeim starfsmönnum á að skipa, er fullnægja skilyrðum kennslumálaráðherra um undirbúning eða reynslu í starfinu.

3. gr.

Skólaheimili taki börn og unglínga fram að tvítugsaldri og leitist við að kenna þeim undirstöðuatriði almennustu barnaskólanámsgreina, en leggi þó sérstaklega rækt við að kenna þeim einhverja þá vinnu, sem að gagni má verða.

Þegar nægileg skólaheimili eru í landinu, getur kennslumálaráðherra sett með reglugerð ákvæði um almenna námsskyldu þeirra fávíta, sem unnt þykir að veita nokkra fræðslu, svo og um undirbúningsmenntun fávítakennara.

4. gr.

Hjúkrunarhælið sé í þremur aðgreindum deildum, fyrir karla, konur og börn. Örviðum, eða fávítum á lægsta þroskastigi, sé þar veitt öll sú nærgætni og aðhlyning sem auðið er.

5. gr.

Vinnuhæli skulu vera í tveim deildum, fyrir karla og konur, og skal þar veita starfhæfum fávítum, sem ekki eiga annars úrkosta, vinnu við þeirra hæfi, samkvæmt nánari ákvæðum í reglugerð, sem eftirlitsnefnd fávítahæla semur, en kennslumálaráðherra staðfestir.

6. gr.

Ráðherra skipar þriggja manna eftirlitsnefnd með öllum þessum heimilum eða hælum fávíta, til 4 ára í einu.

Formaður nefndarinnar sé læknir, sérfróður um mein fávíta, ef kostur er, en auk þess séu jafnan kennari og kona í nefndinni. Kostnaður við eftirlitsferðir nefndarinnar greiðist úr ríkissjóði.

7. gr.

Framfærslustyrkur fávíta telst ekki fátækrastryrkur, en fávítar vinna sér ekki sveitfesti, þótt þeir dvelji utan fæðingarsveitar sinnar.

8. gr.

Ráðuneytið setur með sérstakri reglugerð ákvæði um:

- a. Hvernig safna skal nákvæmum skýrslum um tölu fávíta og hagi þeirra.

- 18 b. Hvernig aðgreina skal börnin, sem æfluð er vist á skólaheimili eða hjúkr-
1. febr. unarhæli.
c. Hvernig eftirliti skal hagað með aðbúð þeirra fávita, sem dvelja ekki í fyrr-
nefndum hælum.

9. gr.

Lög þessi öðlast þegar gildi.

BRÁÐABIRGÐAÁKVÆÐI

Á meðan ekki eru samþykkt lög um framfærslu sjúkra manna og örkuðla almennt, greiðir rikissjóður $\frac{4}{5}$ hluta meðgjafar með efnalausum fávítum á fyrrgreindum hælum, en framfærslusveitin $\frac{1}{5}$ hluta.

Eftir þessu eiga allir hlutaðeigendur sér að hegða.

Gjört á Amaliuborg, 1. febrúar 1936.

Undir Vor konunglega hönd og innsigli.

Christian R.

(L. S.)

Haraldur Guðmundsson.

19

1. febr.

L Ö G

um breyting á lögum nr. 45 16. nóv. 1907, um skipun prestakalla.

Vér Christian hinn Tíundi, af guðs náð konungur Íslands og Danmerkur, Vinda og Gauta, hertogi í Slésvík, Holtsetalandi, Stórmæri, Pétterski, Láenborg og Aldinborg,

Gjörum kunnugt: Alþingi hefir fallizt á lög þessi og Vér staðfest þau með samþykki Voru:

1. gr.

Í stað orðanna „Svalbarð í Þistilfirði“ í 1. gr., XX. lið (106) komi: Raufarhöfn.

2. gr.

Lög þessi öðlast þegar gildi.

Eftir þessu eiga allir hlutaðeigendur sér að hegða.

Gjört á Amaliuborg, 1. febrúar 1936.

Undir Vor konunglega hönd og innsigli.

Christian R.

(L. S.)

Hermann Jónasson.